

Nd.

548. Frumvarp til laga

[128. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Eftir eina umr. í Ed.)

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. gr.			
Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:			
1. Á eftir nr. 58 í 28. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi: 58a Netjatjara og netjalitur	1 kg		2
2. Á eftir orðunum „koma í veg fyrir ketilstein“ í nr. 59 í 28. kafla kemur: og ryð.			
3. Aftan við nr. 2 í 39A. kafla kemur svo hljóðandi athuga- semd: Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af plast- umbúðum af sérstakri gerð utan um islenzkar afurðir til út- flutnings.			
4. Á eftir nr. 6 í sama kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi: 6a — plastflot til netjagerðar	—	2	2
5. Í stað nr. 4 í 39B. kafla koma þrjú númer, svo hljóðandi: — plötur, þræðir, stengur ót. a.:			
4 — — úr svampgúmmí til skógerðar	—	7	8
4a — — úr svampgúmmí til annars	—	7	20
4b — — úr öðru	—	7	8
6. Nr. 33 í 44. kafla (Vaxbornar umbúðir). Liðurinn fellur niður.			
7. Aftan við nr. 34 í 44. kafla kemur svo hljóðandi athuga- semd: Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af papp- umbúðum af sérstakri gerð utan um islenzkar afurðir til út- flutnings.			

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
8. Nr. 1 og 2 í 45. kafla orðast svo:			
— með íslenskum texta			
— — bundið	1 kg	2	25
— — annað	—	2	15
9. Við athugasemdina við nr. 2 í 45. kafla bætist:			
Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar láta prenta vestan hafs á íslenzku, og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslenzku.			
10. Í stað nr. 15 í 45. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
Auglýsingaspjöld og auglýsingaskilti, áletruð, einnig úr öðrum efnum:			
15 — með íslenskum texta	—	2	25
15a — önnur			tollfrjáls
11. Á eftir nr. 27 í 63. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
27a Vélavírdúkur	—	2	8
12. Í stað nr. 85—86a í 63. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
Blikkdósir og kassar:			
85 — málað, áletrað, lakkað eða skreytt	—	7	30
86 — annað	—	7	20
13. Nr. 5 í 67. kafla orðast svo:			
5 Blýlóð (sökku) svo og nótablý	—		2
14. Nr. 36 í 72. kafla orðast svo:			
36 — allt að 100 hestafla	—	2	8
15. Aftan við nr. 3 í 75. kafla koma tvö ný númer, svo hljóðandi:			
3a — kranabifreiðar	—	2	10
3b — steypuhræribifreiðar	—	2	10
16. Nr. 1—5 í 79. kafla orðast svo:			
1 Flygel og píanó	—	7	30
2 Hlutar til flygela og píanóa	—	7	15
3 Orgel og harmoníum	—	7	30
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna og hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.			
4 Hlutar til orgela og harmonía	—	7	15
5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a.	—	7	30
17. Nr. 7—8a í 79. kafla orðast svo:			
Blásturshljóðfæri:			
7 — önnur og hlutar til þeirra	—	7	30
8 Harmoníkur	—	7	30
8a Hlutar til harmoníka	—	7	15
18. Aftan við nr. 7 í 85. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
8 Ferðaskrín og önnur þess háttar skrín með speglum, burstum og öðrum snyrtiáhöldum, búsaðöldum o. þ. h., ót. a.	—	7	50

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

Í stað p- og r-liða kemur nýr liður, svo hljóðandi:

- p. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði alþjóðasamnings frá 25. sept. 1956, um sameiginlega greiðslu kostnaðar af tiltekinni flugþjónustu á Íslandi. v-liður orðast svo:

- v. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Enn fremur að fella niður aðflutningsgjöld af hjólastólum og gervilimum, enda sé þörf fyrir þessar vörur sönnuð með nákvæmu læknisvottorði. Eftirgefin aðflutningsgjöld af hverri einstakri bifreið mega ekki nema hærri fjárhæð en kr. 40 000.00.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenskra berkla sjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf. Frá 1. júní og til ársloka 1957 er þó aðeins heimilt að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af 25 bifreiðum.

Á eftir bb-lið koma fjórir nýir liðir, svo hljóðandi:

- cc. Meðan tilbúinn áburður er tollfrjál, að endurgreiða Áburðarverksmiðjunni aðflutningsgjöld af umbúðum og efnivörum til framleiðslunnar.
- dd. Meðan heimilt er að fella niður aðflutningsgjöld af ómöluðu korni, að fella niður á sama hátt aðflutningsgjöld af kornvörum, kornblöndum og melassa til skepnufóðurs.
- ee. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af hvalveiðaskutlum, hvalveiðabyssum og skotfærum til þeirra og veiðarfærum.
- ff. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gerviefnum, ef viðtakandi vörunnar rekur dúkaverksmiðju og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að garnið verði einungis notað til framleiðslunnar.

3. gr.

Síðari málsliður síðustu málsgr. 7. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Á eftir 25. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 26. gr., svo hljóðandi:

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar fram yfir telst 1 króna, en minni upphæð skal sleppt.

5. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. málsgr. 36. gr. laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Lög þessi öðlast þegar gildi.